

skattstjóri póstlagði sinn úrskurð. Ríkisskattanevnd kveður svo fljótt sem unnt er upp fullnaðarúrskurð um upphæð aðstöðugjalds. Skal það gert eigi síðar en 6 vikum eftir að henni barst málið, nema fresta verði úrskurðun vegna öflunar frekari gagna.

Úrskurðir ríkisskattanevndar skulu vera rökstuddir og skal afrit af þeim sent hlutaðeigandi gjaldendum og sveitarstjórnnum þegar eftir uppkvaðningu þeirra.

## 18. gr.

Sama rétt og gjaldendur hafa, til þess að kæra eða áfrýja ákvörðunum aðstöðugjalds, hafa og sveitarstjórnir þær, sem málið varðar.

## 19. gr.

Sveitarstjórn annast innheimtu aðstöðugjalds og gilda um hana sömu reglur og innheimtu útsvara eftir því, sem við á.

Gjalddagi aðstöðugjalds er 1. júlí. Heimilt er sveitarstjórn þó að breyta gjalddögum þess til samræmis við gjalddaga útsvara.

Sé álagningu ekki lokið það tímanlega, að innheimta geti hafizt á réttum gjalddaga, skal gjalddaginn vera viku eftir að gjaldskrá var lögð fram. Sama gildir um gjalddaga aðstöðugjalds skv. 4. mgr. 14. gr.

## 20. gr.

Skattanevndir (skattstjórar þar, sem þeir eru) skulu leggja á aðstöðugjald á árinu 1962 og skal það miðað við gjaldskyld útgjöld á árinu 1961.

Tilkynning sú, sem um ræðir í 2. gr., skal send skattanevnd (skattstjóra) eigi síðar en 1. júlí 1962.

Gjalddagi aðstöðugjalds á árinu 1962 skal vera 1. sept., sbr. þó ákvæði 2. málsgr. 19. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Í félagsmálaráðuneytinu, 21. júní 1962.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

## AUGLÝSING

### um eftirlitsgjald af fóðurböndum.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 63 31. maí 1947, um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur, hefur ráðuneytið ákveðið, að ákvæði auglýsingar nr. 202 25. október 1947, um eftirlitsgjald af fóðurböndum, skuli gilda óbreytt árið 1962.

*Landbúnaðarráðuneytið, 8. júní 1962.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*